

#### **4. fundur atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2018-2022**

**Fundur haldinn í félagsheimilinu Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi, 29. október 2018 kl. 18:00**

##### **Fundarboð:**

Á fundinn mættu: Sigurjón Snær Jónsson, Rúnar Guðjónsson, Hulda Hrönn Stefánsóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri.

Nefndin var mætt á fund á Borg sem bar heitið *Slagkraftur í samvinnu – Ferðamál og framtíðin*. Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu og Dagný Hulda Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands voru þar með erindi. Þær fóru yfir það hvað þær og þeirra stofnanir gera. Einnig fóru þær yfir hvað það er mikilvægt að vinna saman að því að taka á móti ferðamönnum og því að styrkja innviði ferðaþjónustunnar og upplýsingaveitur.

Þessi erindi komu á góðum tíma fyrir nefndina til þess að kynnast betur því sem er að gerast í kringum okkur og einnig til þess að breyta áherslum í bæklinga- og heimasíðugerðinni sem rædd var á 3. fundi nefndarinnar á kjörtímabilinu.

Fyrir fundinn var ákveðið að nýta tímann og fara yfir þann hluta fjárhagsáætlunar Hrunamannahrepps sem snýr að ferða- og menningarmálum. Nefndin og Jón sveitarstjóri mættu því hálf tíma fyrr á Borg og fóru yfir fjárhagsáætlunina.

##### **1. Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2019.**

Jón hafði fyrir fundinn sent á nefndina þann hluta fjárhagsáætlunar 2019 sem snýr að ferða- og menningarstarfsemi Hrunamannahrepps. Í gögnunum var að finna rauntölur 2018, áætlun 2018 og áætlun 2019. Einnig fylgdi með uppfærð gjaldskrá Félagsheimilis Hrunamanna á Flúðum. Jón fór yfir það með nefndinni lið fyrir lið hvað stæði að baki hverju. Með þessu öðlaðist nefndin betri skilning á fjármunum í Hrunamannahreppi sem fara í menningarstarf. Gjaldskrá Félagsheimilisins hafði verið hækkuð nokkurn veginn í samræmi við verðlag á Íslandi. Það er talin vera eðlileg þróun þannig að hófs sé gætt í verðlagningu. Sigrún Guðlaugsdóttir hóf störf hjá Hrunamannahreppi á árinu 2017. Hún er í hálfu starfi við að sjá um Félagsheimilið og í hálfu starfi sem launafulltrúi hjá Hrunamannahreppi. Hún kom með nokkrar hugmyndir að breytingu á orðalagi í verðskránni sem var að finna í drögum að nýrri verðskrá. Hún er komin með betri sýn á það hvernig hópar og aðilar eru að nýta sér húsið og hvernig aðlaga þurfti verðskrána til hins betra. Jón tók fram á fundinum að nýtingin á Félagsheimilinu er góð og hafa fyrirtæki, skólar og aðrir hópar verið duglegir að koma á Flúðir að nýta sér húsnæðið. Fjárhagsáætlunin sem slík bjó ekki yfir verulegum breytingum á milli ára. Nefndin hafði engar athugasemdir við fjárhagsáætlunina og fékk útskýringar á þeim atriðum sem nefndarfólk velti fyrir sér. Þar á meðal má nefna nánari útskýringu á verklagi við bókasafnið, ferðamálafulltrúa uppsveitanna og styrkur til Reiðhallarinnar á Flúðum.

Jón fór af fundinum á Borg áður en erindum gesta lauk en nefndin hlýddi á erindin og tók svo nokkrar mínútur í að ræða við Ásborgu. Að því loknu, um 20:30, fór nefndin heim.